

Mánudaginn 6. janúar 1997.

Nr. 472/1996.

Kristrún Pálsdóttir

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Stálsmiðjunni hf.

(enginn)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1996, þar sem staðfest var fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá sóknaraðila 11. september 1996 að kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að fyrirnefnt fjárnám verði ógilt og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 23. október 1996, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 21. nóvember 1996.

Sóknaraðili er Kristrún Pálsdóttir, kt. 210851-3219, Álakvísl 43, Reykjavík.

Varnaraðili er Stálsmiðjan hf., kt. 620269-1079, Mýrargötu 10-12, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík í aðfararmálinu nr. 11/1996/14119, sem fram fór hjá sóknaraðila 11. september sl. að kröfu varnaraðila, verði ógilt með úrskurði. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og aðfarargerðin staðfest. Þá er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannna Mörkinni 1.

Af hálfu sóknaraðila var fyrst krafist málskostnaðar við aðalmeðferð málsins, og var af hálfu varnaraðila fallist á, að krafan kæmist að í málinu.

II.

Mál þetta er rekið sem ágreiningsmál vegna aðfarargerðar á grundvelli 15. kafla aðfararlaga nr. 90/1989.

Með áritun Héraðsdóms Reykjavíkur á stefnu 4. september 1995 voru kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila og Erni Valberg Úlfarssyni, að fjárhæð 2.309.330 kr. ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði, gerðar aðfararhæfar. Varnaraðili sendi sýslumanninum í Reykjavík aðfararbeiðni á sóknaraðila, og var hún tekin fyrir 21. mars 1996. Við þá fyrirtekt var af hálfu sóknaraðila eigenmaður hennar, Örn Valberg Úlfarsson, og að ábendingu hans var gert fjárnám í þinglýstum réttindum hans samkvæmt kaupsamningi um Lækjarsmára 11, íbúð 0101, og Lækjarsmára 15, íbúðum 0101 og 0202, í Kópavogi.

Varnaraðili heldur því fram, að síðar hafi komið í ljós, að eignirnar hafi allar verið yfirveðsettar, og því hafi sýslumanninum í Reykjavík verið send beðið um endurupptöku aðfararbeiðni í samræmi við ákvæði 66. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Aðfarargerðin var tekin fyrir að nýju 11. september 1996. Lýsti þá lögmaður varnaraðila yfir því, að hann leysti fjárnumdar eignir undan fjárnámi því, sem gert var 21. mars 1996, og krafðist fjárnáms fyrir kröfum sínum í fasteign sóknaraðila að Álakvísl 43, Reykjavík. Lögmaður sóknaraðila mótmælti því, að gerðin næði fram að ganga, þar sem hann taldi lagaskilyrði skorta fyrir endurupptöku gerðarinnar, en fulltrúi sýslumanns hafnaði mótmælum sóknaraðila, og náði gerðin fram að ganga.

III.

Sóknaraðili heldur því fram, að réttaráhrif fjárnáms, sem lokið sé með árangri, séu nokkuð sambærileg við það, sem í einkamálaréttarfari sé nefnt litispændens áhrif þingfestingar og res judicata dæmdra mála. Þetta þýði, að búið sé að afgreiða kröfu um fjárnám með árangri og einungis nauðungarsala eða önnur lögmat ráðstöfun geti leitt til þess, að kröfu um fjárnám megi taka fyrir að nýju og þá í því tilfelli, að söluandvirði hafi ekki hrokkið til fullrar greiðslu kröfu gerðarbeiðanda.

Sóknaraðili telur heimildina í 2. tl. 66. gr. laga nr. 90/1989 um endurupptöku fjárnámsgerðar einungis eiga við um þá athöfn að leysa eign undan fjárnámi, en veiti ekki heimild til að gera fjárnám í nýrri eign. Væri þetta gildandi réttur, væri lögmönnum í lófa lagið að gera fjölmörg fjárnám í eignum án virðingar, skoða svo málin í róleghæitum og ákveða, hvaða fjárnám séu ekki nógu góð, fella þau niður og gera ný. Hvort sem aðfarargerð sé dómsathöfn eða stjórnvaldsaðgerð eins og nú, sé markmiðið að ljúka hverju máli. Í fyrri lögum um aðför nr. 19/1887 hafi verið þröngar heimildir til endurupptöku og meginreglan að áfrýja til Hæstaréttar, ef einhverju þurfti að breyta. Til stuðnings því, að ekki hafi orðið stórvægileg breyting á þessu með nýjum lögum, bendir sóknaraðili á, að fram komi í athugasemdum við 9. kafla laga nr. 90/1989, að endurupptökuheimildir séu mun ýtarlegri en í eldri lögum, en ekki sé minnst þar á neina rýmkun eða breytingar. Því verði að skýra ákvæði 2. tl. 66. gr. eftir orðanna hljóðan, en ekki þannig, að það veiti heimild til að fella niður fjárnám og leggja á ný að vild.

IV.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á ákvæðum 66. gr. laga nr. 90/1989, einkum 2. tl. þeirrar greinar. Samkvæmt umræddu ákvæði verði fjárnámsgerð endurupptekin, ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi. Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að í ákvæðinu felist heimild til handa gerðarbeiðanda að leysa eignir undan fyrri fjárnámi og gera jafnframt fjárnám í öðrum eignum, ef einhverjar eru.

Sú staða geti iðulega komið upp við fyrirtöku aðfarargerðar, að gerðarbeiðanda sé ókleift að meta með nákvæmni, hvort eignir, sem gerðarþoli bendir á, séu fullnægjandi trygging fyrir kröfum gerðarbeiðanda. Komi í ljós, eftir að aðför hafi verið lokið með þessum hætti, að fullyrðingar gerðarþola standist ekki, þannig, að eignir séu ýmist yfirveðsettar eða ekki í eigu gerðarþola, hljóti gerðarbeiðandi að eiga þess kost að endurupptaka aðfarargerðina án þess að þurfa að fara út í kostnaðarsamar og tímafrekar aðgerðir. Kjósi gerðarbeiðandi að leysa eign undan fjárnámi og freista þess að fá fjárnám í öðrum eignum, sé það á hans áhættu.

Varnaraðili telur ekki verða séð, að framangreind ákvæði 2. tl. 66. gr. aðfararlaga séu á nokkurn hátt varhugaverð. Öllu heldur verði að telja eðlilegt, að það sé lagt í hendur gerðarbeiðanda að meta, hvort fullnusta fáiast af andvirði þeirra eigna, sem fjárnám hafi verið gert í. Gerðarbeiðendur munu eftir sem áður reyna að tryggja, að sem nákvæmastar upplýsingar liggi fyrir um eignir gerðarþola við fyrirtöku aðfarar, enda skipti miklu máli, að sem bestri tryggingu verði náð þegar við fyrstu fyrirtöku. Gerðarbeiðandi, sem þurfi að leita eftir endurupptöku, verði að hlíta því, að aðrir

skuldheimtumenn gerðarþola kunni á meðan að öðlast tryggingar í eignum gerðarþola.

Varnaraðili heldur því fram, að verði fallist á skilning sóknaraðila, sé verið að gera alla meðferð aðfarargerða þyngri í vöfum. Komi fram ábendingar frá gerðarþola við fyrirtöku aðfarargerðar um eignir, sem gerðarbeiðanda hafi verið ókunnugt um, leiði framangreindur skilningur sóknaraðila til þess, að gerðarbeiðandi neyðist til að fresta gerðinni til að kanna sannleiksgildi fullyrðinga gerðarþola. Fallist gerðarbeiðandi hins vegar á ábendingar gerðarþola, en í ljós komi, að umrædd eign sé yfirveðsett eða verðlaus, yrði gerðarbeiðandi að þinglýsa fjárnáminu og fara fram á nauðungarsölu, til að unnt væri að leita eftir endurupptöku. Slíkt fæli óhjákvæmilega í sér aukinn kostnað, sem gerðarþoli bæri ábyrgð á, og verði því ekki séð, að hagsmunir gerðarþola eigi að leiða til þess, að kröfur sóknaraðila verði teknar til greina.

V.

Sóknaraðili hefur ekki mótmælt þeim fullyrðingum varnaraðila, að réttindi þau, sem gert var fjárnám í 21. mars 1996, hafi verið yfirveðsett.

Sjónarmið um litispendens og res judicata-áhrif þykja ekki eiga við um endurupptöku fjárnámssgerða.

Samkvæmt 2. mgr. 66. gr. laga nr. 90/1989 eru engin skilyrði sett fyrir því, að fjárnámssgerð verði endurupptekin, ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi, og verður því að hafna þeirri málsástæðu sóknaraðila, að nauðungarsala verði að fara fram á eign eða um hliðstæð atvik að vera að ræða, til að fjárnámssgerð verði endurupptekin á grundvelli ákvæðisins.

Fallist er á með varnaraðila, að brún þörf geti verið á að leysa eign undan fjárnámi með endurupptöku fjárnámssgerðar og krefjast fjárnáms í öðrum eignum. Þykir ekki varasamt að heimila slíka endurupptöku, þar sem gerðarbeiðandi hefur hag af því að tryggja kröfu sína sem allra fyrst með öruggu fjárnámi. Endurupptaka og nýtt fjárnám getur hins vegar leitt til þess, að staða gerðarbeiðanda í veðröð verði verri en hún hefði getað orðið. Einnig verður að líta til þess, að samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laga nr. 90/1989 skal við endurupptöku farið eftir þeim reglum, sem gilda um framkvæmd fjárnámssgerðar, eftir því sem við getur átt, og ber sýslumanni því að gæta að sömu atriðum og við upphaflega fjárnámssgerð, svo sem, að ekki sé tekið meira fjárnámi en það, sem talið er nægja til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda.

Sé fjárnámssgerð endurupptekin samkvæmt 2. tl. 66. gr. laga nr. 90/1989 og eign leyst undan fjárnámi, stendur gerðarbeiðandi í sömu sporum og við upphaf fjárnámssgerðar. Ekki verður annað ráðið af aðfararlögum eða at-

hugasemdum með lagafrumvarpinu en að gerðarbeiðandi geti þá, hvort sem hann kys, óskað eftir, að fjárnám verði gert í öðrum eignum gerðarþola á grundvelli upphaflegrar fjárnámsbeiðni eða nýrrar fjárnámsbeiðni.

Í fyrrnefndri endurupptökuheimild þykir því samkvæmt framansögðu felast heimild til að halda fjárnámssgerð áfram, eftir að eign hefur verið leyst undan fjárnámi, og leita fjárnáms í frekari eignum. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á nein þau atriði í máli þessu, sem varðað geta ógildingu aðfarargerðarinnar, ber að staðfesta hana.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 35.000 krónur.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er aðfarargerð nr. 11/1996/14119 sem fram fór hjá sýslumanninum í Reykjavík 11. september 1996 og lauk með fjárnámi í eign sóknaraðila, Krístrúnar Pálsdóttur, Álakvísl 43, Reykjavík, að kröfu varnaraðila, Stálsmiðjunnar hf.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í málskostnað.
